

Öryggisblað

01. Vörunafn: **Krafthreinsir K-204**

Framleiðandi: Sámur Sápugerð ehf
Lyngás 11
210 Garðabæ
Sími: 892 9303

Innihaldsupplýsingar: Krafthreinsir K-204 inniheldur eftirfarandi efni, sem falla undir reglugerð 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð hættulegra efna og vörutegundir, sem innihalda slík efni.

<u>Efni:</u>	<u>Varnaðarmerki</u>	<u>H setn.</u>	<u>V. setn.</u>
Natríummetasilikat > 5%	Xi (ertandi)	H 36/38	2-26

Krafthreinsir K- 204 flokkast því samkvæmt reglugerð sem: Ertir augu og húð. Berist efnið í augu þá skolið strax með miklu vatni og leitið lækni. Geymist þar sem börn ná ekki til.

03. Heilsuhætta vegna notkunar.

Inntaka: Veldur ætingu í munni, koki, vélinda og maga.
Húð: Snerting við húð veldur ertingu.
Augu: Slettur í augum valda sviða og ætingu.

04. Skyndihjálp.

Innöndun: Ferskt loft. Skolið nef og munnhol með vatni. Leitið lækni.
Inntaka: Gefið strax nokkur glös af mjólk eða vatni ef hinn slasaði er við fulla meðvitund. Framkallið **ekki** uppsölur! Strax á sjúkrahús.
Húð: Slettur á húð ber að skola af með vatni .
Augu: Slettur í augu ber að skola strax með miklu vatni og leita lækni.

05. Aðgerðir við bruna.

Almennt: Við bruna er hægt að nota allar tegundir slökkviefna.
Forvarnir: Ílát í nánd við eld fjarlægð eða kæld með vatni.

06. Varnaraðgerðir við leka.

Persónur: Gæta þess að efnið komist ekki í snertingu við húð og augu.
Umhverfis: Við mikinn leka ber að binda efnið með sandi, sagi eða kísilgúr til að hindra að það berist út í umhverfið. Setja í lokað ílát og merkja með innihaldi. Senda síðan til förgunar skv. §43 í mengunarvarnarreglugerð 48/1994.
Við lítinn leka er best að skola efninu í niðurfall með miklu vatni.

07. Meðhöndlun.

Almennt: Notið gúmmíhanska og viðeigandi fatnað við notkun á efninu.
Geymsla: Geymist þar sem börn ná ekki til, ekki nálægt mat- eða fóðurvöru.

Öryggisblað

08. Persónuvarnir/mengun.

Almennt: Notið gúmmihanska og viðeigandi fatnað við notkun á efninu.

09. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

Útlit: Tær vökvi.
Lykt: Sápulykt.
Sýrustig: Óþynnt pH 13,2, í 10% lausn pH 12,2 og pH 11,2 í 1% þynningu.
Suðumark: U.þ.b. 100° C.
Bræðslumark: < 0° C.
Blossamark: Ekkert.
Eðlisþyngd 1,09 kg/ltr.
Leysanleiki: Blandast vatni í öllum hlutföllum.
Þykkt: U.þ.b. sama og vatns.

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

Almennt: Hættulaust.

11. Eiturefnaupplýsingar.

Almennt: Engar þekktar.

12. Umhverfisupplýsingar.

Krafthreinsir K-204 inniheldur efni, sem eru auðleysanleg í vatni, brotna hratt niður (> 90% á 28 dögum) og inniheldur engin efni sem safnast fyrir í sjávarlífverum. Hættumörk fyrir sjávarlífverur eru: Fyrir Daphnia EC₅₀ >10 ppm og Regnbogasilung er LC₅₀ > 100 ppm (magn yfirfært og umreiknað frá hráefnum).

13. Sorplosun.

Tómar umbúðir, sem ekki er greitt skilagjald fyrir, skal farga skv. §43 í mengunarvarnarreglugerð 48/1994. Gallaða vöru skal senda aftur til framleiðanda.

14. Flutningur.

Á landi: ADR: Ekki flokkað.
Á sjó: IMDG-kóði: Ekkert.

15. Upplýsingar um lög og reglugerðir.

Lög nr.: 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
Reglugerðir nr.: 498/1996 um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum. 496/1996 um efnanotkun á vinnustöðum. 521/1994 um þvotta- og hreingerningaefni. 48/1994 um mengunarvarnir. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni:
Varnaðarmerki: *Xi (Ertandi)*
Hættu- og varnaðarsetningar: *Ertir augu og húð. Berist efnið í augu þá skolið strax með miklu vatni og leitið lækni. Geymist þar sem börn ná ekki til.*

16. Dags./útgáfa: 06.12.2002

Sámur Sápugerð ehf